



Ministerráðsförslag om justitiesektorns samarbetsprogram 2023-2024

1. Inngangur

Fjallað er um samstarf norrænu dómsmálaráðherranna í gildandi samstarfsáætlun á sviði dómsmála sem gildir á tímabilinu 2019–2022. Þessi ráðherra nefndartillaga hefur að geyma tillögur norrænu dómsmálaráðherranna að uppfærðri samstarfsáætlun sem skal gilda á tímabilinu 2023–2024.

2. Bakgrunnsupplýsingar

Svið dómsmála er í verkahring Norrænu ráðherra nefndarinnar um dómsmál (MR-JUST) og embættismannanefndar um dómsmál (ÄK-JUST). Sviðið á einnig samstarf við Eystrasaltsríkin í tengslahópi embættismanna og á reglubundnum norrænbaltneskum ráðherrafundum. Á tímabilinu 2021–2024 hefur svið dómsmála árlega til ráðstöfunar verkefnastyrki sem nema u.þ.b. 1,2 milljónum danskra króna.

Núverandi samstarfsáætlun á sviði dómsmála var sett fram árið 2018 og tók gildi árið 2019. Það átti sér stað áður en norrænu forsætisráðherrarnir tóku ákvörðun um Framtíðarsýnina fyrir 2030 og norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu áætlunina um framkvæmd framtíðarsýnarinnar sem gildir á tímabilinu 2021–2024.

Framtíðarsýnin og framkvæmdaáætlunin eru almenn stefnumótunarskjöl fyrir svið dómsmála. Samstarfsáætlun sviðsins á að fylgja framkvæmdaáætluninni um framtíðarsýnina. Ný samstarfsáætlun á sviði dómsmála mun þar með gilda á tímabilinu 2023–2024.

Embættismannanefndin um dómsmál (ÄK-JUST) lagði mat á núverandi samstarfsáætlun og komst að þeirri niðurstöðu að þau stefnumarkandi áherslusvið sem nefnd eru sérstaklega í áætluninni, þ.e.a.s. Samræmi löggjafar á Norðurlöndum og norrænt notagildi, Réttaröryggi og Forvarnir gegn brotastarfsemi, eigi enn við í framhaldinu. Sjá nánar í 5. lið hér fyrir neðan og í drögum að samstarfsáætlun. ÄK-JUST mat það einnig svo að núverandi samstarfsáætlun samræmdest vel Framtíðarsýninni fyrir 2030 og tilheyrandi framkvæmdaáætlun.

Í ljósi þessa og með tilliti til þess að hagnýtar ástæður mæla gegn því að svið dómsmála semji algjörlega nýja samstarfsáætlun, sem ætti einungis að gilda um tveggja ára skeið, taldi ÄK-JUST að fylgja bæri áfram efnislega núverandi samstarfsáætlun til og með ársins 2024. Þó ber að endurskoða samstarfsáætlunina



með upplýsingum um hvernig starf sviðsins leggur sitt af mörkum til Framtíðarsýnarinnar fyrir 2030 og framkvæmdaáætlunarinnar.

ÄK-JUST leitaði álits Norrænu velferðarnefndarinnar og Norrænu hagvaxtarnefndarinnar um tillöguna. Norræna velferðarnefndin tilkynnti þann 28. mars 2022 að hún væri fylgjandi tillögunni. Sömu skilaboð hafa borist munnlega frá Norrænu hagvaxtarnefndinni í gegnum skrifstofu Norðurlandaráðs.

ÄK-JUST lagði að því loknu tillöguna fram á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar um dómsmál (MR-JUST) dagana 20.–21. júní 2022 ásamt drögum að endurskoðaðri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2023–2024. MR-JUST var sammála mati ÄK-JUST um að halda sig áfram við núverandi samstarfsáætlun og endurskoða samstarfsáætlunina með upplýsingum um hvernig starf sviðsins leggur af mörkum til framtíðarsýnarinnar. MR-JUST samþykkti að svo stöddu að samþykkja drögin og að leitað skyldi álits Norðurlandaráðs í ráðherranefndartillögu.

3. Tillaga

Hér með er óskað eftir áliti Norðurlandaráðs á tillögu norrænu dómsmálaráðherranna um að að halda sig áfram við núverandi samstarfsáætlun á sviði dómsmála í viðhengdum drögum að samstarfsáætlun 2023–2024. Drögin hafa verið uppfærð með upplýsingum um það með hvaða hætti störf löggjafarsviðsins stuðla að Framtíðarsýn okkar 2030 og framkvæmdaáætlun um framtíðarsýnina. Því eru drögin kynnt með öðru sniði en gildandi samstarfsáætlun.

4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Tillagan leiðir ekki til neinna breytinga á fyrirkomulagi samstarfs á löggjafarsviði með tilliti til barna og ungmenna, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

5. Samstarfið/skipulag

Samkvæmt tillöguna mun sviðið framvegis einnig leggja áherslu á eftirfarandi stefnumarkandi áherslusvið:

- Samræmi löggjafar á Norðurlöndum og norrænt notagildi

Á þessu stefnumarkandi áherslusviði stuðlar starf löggjafarsviðsins að því að viðhalda frjálsri för á Norðurlöndum og vinna gegn því að til verði nýjar stjórnsýsluhindranir vegna ólíkrar löggjafar landanna. Þessi vinna fellur undir markmið 7 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030 sem fjallar meðal annars um að styðja við frjálsa för á Norðurlöndum.

- Réttaröryggi



Á þessu stefnumarkandi áherslusviði stuðlar starf sviðsins að því að tryggja lýðræðislegt ákvörðunarferli í norrænu löndunum og stendur vörð um réttaröryggi íbúa og fyrirtækja á Norðurlöndum. Þessi vinna fellur undir markmið 12 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030 um að viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum.

- Forvarnir gegn brotastarfsemi

Á þessu stefnumarkandi áherslusviði er starf sviðsins liður í starfi norrænu landanna að því að takast á við og vinna gegn brotastarfsemi og hryðjuverkum, t.d. í gegnum norrænt lögreglusamstarf. Þessi vinna fellur undir markmið 12 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030 um að viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum.

Tillagan leiðir ekki til neinna breytinga á fyrirkomulagi samstarfs á löggjafarsviði.

6. Fjárhagsáætlun/áhrif á rekstur

Tillagan leiðir ekki til neinna breytinga á fjárhagsáætlun sviðsins eða notkun fjárveitingar.